

# ERINDISBRÉF

## SAMRÁÐSHÓPS UM MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS Í HVERAGERÐI

### I. KAFLI

#### SKIPAN OG UMBOÐ

1. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks starfar í umboði bæjarstjórnar og fer með þau verkefni sem honum eru falin og nánar er kveðið á um í samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023, með síðari breytingum, og erindisbréfi þessu.

Samráðshópurinn starfar á grundvelli 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. 2. mgr. 42. gr. laganna og 3. tölul. 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þar sem mælt er fyrir um náð samráð við fatlað fólk og virkri þátttöku þess við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu á samningnum og við annað ákvörðunartökufæri varðandi málefni fatlaðs fólks.

2. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er skipaður sex fulltrúum:

- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu kosnir af bæjarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu vera tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.

Við skipan í samráðshópinn skal óskað eftir því við hagsmunasamtök fatlaðs fólks að þau leitist við að skipa fulltrúa í hópinn sem eru með ólíkar fatlanir.

Samráðshópurinn kýs sér formann auk varaformanns á fyrsta fundi hópsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum en skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skipunartími samráðshópsins fylgir kjörtímabili bæjarstjórnar.

Starfsmaður Fræðslu- og velferðarsviðs Hveragerðis er starfsmaður samráðshópsins, situr fundi hans og hefur þar málfrelsi og tillögurétt og ritar jafnframt fundargerðir.

### II. KAFLI

#### MARKMIÐ OG HLUTVERK

3. gr.

Markmið með stofnun samráðshóps um málefni fatlaðs fólks er að bæta þjónustu við fatlað fólk í Hvergerði með virkri aðkomu þess að skipulagi og mótun þjónustunnar.

Hlutverk samráðshópsins er að vera formlegur vettvangur fyrir samráð og samstarf við bæjarstjórn og bæjarráð Hveragerðisbæjar og nefndir og ráð bæjarins þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Á fundum samráðshópsins fara fram skoðanaskipti og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og bæjaryfirvalda er varðar stefnumótun og framkvæmdir í málaflokknum.

### III. KAFLI

#### HELSTU VERKEFNI SAMRÁÐSHÓPSINS

4. gr.

Verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks er einkum að:

1. Vera ráðgefandi við stefnumörkun og áætlanagerð í málefnum fatlaðs fólks í Hveragerði, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
2. Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við fatlað fólk í Hveragerði í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því felst að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga að máli.
3. Koma á framfæri við bæjaryfirvöld hugmyndum og tillögum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk í Hveragerði og ábendingum um gerð reglna um þjónustu, á aðgengilegu og auðskildu máli.

Samráðshópurinn fjallar ekki um málefni einstaklinga.

#### **IV. KAFLI FUNDIR OG STARFSHÆTTIR**

##### 5. gr.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem bæjarstjórn samþykkir. Fundarmönnum er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum á fundum samráðshópsins.

Formaður og starfsmaður samráðshópsins sjá um að boða hópinn til fundar í samráði við bæjarstjóra og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hans. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim. Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks skal að jafnaði funda sex sinnum á ári sem dreifist jafnt yfir árið. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja (2) sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Fjallað er um fundi og fundarsköp í III. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og skal ákvæðum samþykktarinnar fylgt eftir því sem við á.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum hópsins í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og leiðbeininga ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

Formaður stýrir fundum samráðshópsins. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti hans er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu, með og á móti.

Fundarboð og fundargerðir skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi og ber starfsmaður ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður samráðshópsins strax að fundi loknum til bæjarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta bæjarstjórnarfundi til staðfestingar.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

##### 6. gr.

Á dagskrá skulu tekin fyrir mál sem fulltrúar í samráðshópnum hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði samráðshópsins. Skal efni þess berast formanni og starfsmanni

samráðshópsins a.m.k. tíu (10) sólarhringum fyrir fyrirhugaðan fund. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefndir óska eftir að samráðshópurinn fjalli um.

Samráðshópurinn skal senda erindi til bæjarstjórnar, bæjarráðs eða viðkomandi nefnda og ráða um þau málefni sem hann telur varða hagsmuni eða aðstæður fatlaðs fólks.

Samráðshópurinn skal halda árlega fund með hagsmunaaðilum, notendum þjónustu sveitarfélagsins, hagsmunasamtökum notenda félagsþjónustu. Samráðshópurinn getur leitað umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Samráðshópurinn getur óskað eftir að einstaka starfsmenn Hveragerðisbæjar mæti til fundar, sem og aðrir sem hópurinn telur þörf á hverju sinni.

Gert er ráð fyrir að velferðar- og fræðslunefnd eigi einn fund með samráðshópnum árlega. Þá skal samráðshópurinn leggja fram skýrslu um starfsemi sína árlega og kynna fyrir bæjarráði.

7. gr.

Tryggja skal að mál sem samráðshópurinn tekur til umfjöllunar séu sett fram á auðskildu máli. Fræðslu- og velferðarsvið Hveragerðisbæjar tryggir þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í samráðshópnum.

Fundarmenn skulu tala skýrt og leitast við að velja orðalag sem er einfalt og auðskilið. Taka skal tillit til þess að fólk með fatlanir getur þurft lengri tíma til að tjá sig og meðtaka upplýsingar.

## **V. KAFLI GILDISTAKA**

8. gr.

Erindisbréf þetta er sett á grundvelli samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar nr. 923/2023 með síðari breytingum.

Erindisbréf þetta var samþykkt á fundi samráðshóps um málefni fatlaðs fólks 29. janúar 2025 og á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar 13. febrúar 2025 til að öðlast þegar gildi.